

FUNDARGERÐ

Árið 2021, miðvikudaginn 6. október kl. 10:00, kom ráðgjafarnefnd Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga saman til fundar í Sölvhólsvör á 1. hæð í samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneytinu, Sölvhólgötu 7 í Reykjavík.

Fundinn sátu: Guðný Sverrisdóttir formaður, nefndarmennirnir Ásta Stefánsdóttir, Birgir Björn Sigurjónsson, Daníel Jakobsson, Karen E. Halldórsdóttir, Margrét Þórarinsdóttir og Stefán Vagn Stefánsson ásamt starfsmönnum Jöfnunarsjóðs þeim Guðna Geir Einarssyni, Gústav Aron Gústavssyni og Hrafnkati Hjörleifssyni sem ritaði fundargerð.

Gestir fundarins voru Helgi Grímsson og Guðrún Mjöll frá Reykjavíkurborg.

Formaður setti fundinn og gengið var til dagskrár.

1. Fundargerð frá 22. september 2021

Lögð var fram fundargerð frá 22. september 2021 til umfjöllunar og afgreiðslu.

Fundargerð frá 22. september 2021 var samþykkt án athugasemda.

2. Heimsókn frá Reykjavíkurborg

Lýðfræðilegt áætlunarlíkan Reykjavíkurborgar

Kynning frá skóla- og frístundasviði Reykjavíkurborgar um lýðfræðilegt áætlunarlíkan sem hefur verið í þróun hjá Reykjavíkurborg og verður notað að hluta til að úthluta fjármagni til grunnskóla. Horft var til fyrirmynda erlendis frá og þá sérstaklega Toronto í Kanada. Notaðar eru ákveðnar breytur sem eru til að mynda menntun, tekjustig og innflytjendur sem er borið saman við námsárangur og út frá því er búin til ákveðnir stuðlar fyrir hvern skóla.

3. Jöfnunarsjóður sveitarfélaga

Ársreikningur 2020

Lagður fram til kynningar ársreikningur Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga fyrir árið 2020. Starfsmaður Jöfnunarsjóðs gerði grein fyrir einstökum tekjuliðum, framlögum og rekstrarkostnaði sem fram koma í rekstrarreikningi ásamt eignum og skuldum í efnahagsreikningi. Á árinu 2020 var tekjuafgangur Jöfnunarsjóðsins 47 m.kr. samanborið við 161 m.kr. árið áður. Samkvæmt efnahagefnahagsreikningi í árslok námu eignir alls 8.081 m.kr., skuldir 7.243 m.kr. og eigið fé nam 838 m.kr.

4. Sameiningar sveitarfélaga

Snæfellsbær og Eyja- og Miklaholtshreppur

Lagt var fram til umfjöllunar og afgreiðslu erindi frá samstarfsnefnd um sameiningu Eyja- og Miklaholtshrepp og Snæfellsbæjar, dags. 4. september 2021, um framlag vegna kostnaðar við undirbúning tillögu að sameiningu sveitarfélaga ásamt minnisblaði þar að lútandi.

Samstarfsnefndin hefur nú þegar tekið til starfa og gert er ráð fyrir að kosið verði um tillöguna febrúar 2022 og að nýtt sveitarfélag taki til starfa eftir sveitarstjórnarkosningar 2022. Samkvæmt kostnaðaráætlun er gert ráð fyrir að kostnaður við að kanna hagkvæmni, kynna sameiningartillögu

og framkvæmd atkvæðagreiðslu verði 17,9 m.kr. Samkvæmt vinnureglum á grundvelli a-liðar reglna nr. 782/2020 nema undirbúningsframlög 17,9 m.kr.

Að lokinni umfjöllun samþykkti nefndin framlag allt að fjárhæð 17,9 m.kr.

Sveitarfélagið Skagafjörður og Akrahreppur

Lagt var fram til umfjöllunar og afgreiðslu erindi frá samstarfsnefnd um sameiningu Sveitarfélagsins Skagafjarðar og Akrahrepps, dags. 23. september 2021, um framlag vegna kostnaðar við undirbúning tillögu að sameiningu sveitarfélaganna ásamt minnisblaði þar að lútandi.

Samstarfsnefndin hefur nú þegar tekið til starfa og gert er ráð fyrir að kosið verði um tillöguna janúar 2022 og að nýtt sveitarfélag taki til starfa í júní 2022. Samkvæmt kostnaðaráætlun er gert ráð fyrir að kostnaður við að kanna hagkvæmni, kynna sameiningartillögu og framkvæmd atkvæðisgreiðslu verði 22 m.kr. Samkvæmt vinnureglum á grundvelli a-liðar reglna nr. 782/2020 nema undirbúningsframlög 22 m.kr.

Að lokinni umfjöllun samþykkti nefndin framlag allt að fjárhæð 22 m.kr. Stefán Vagn Stefánsson sat hjá við atkvæðagreiðslu.

5. Tekjujöfnunarframlög

Breytt aðferðafræði

Lagt var fram til kynningar og umfjöllunar minnisblað starfsmanns Jöfnunarsjóðs, dags. 4. október 2021, um breytingar á aðferðafræði við útreikninga tekjujöfnunarframlaga.

Lagt er til að breyta útreikningum á þann hátt að í stað þess að lækka meðaltekjur í viðmiðunarflokkum svo framlögin stemmi við fjármagn til ráðstöfunar verða framlögin aðlöguð með hlutfallsreikningi. Miðað verður þá við 97% af meðaltekjur og fundin er mismunur af því og hámarstekjum hvers sveitarfélags sem eru undir þessu viðmiði. Síðan er framlag hvers sveitarfélags í samræmi við hlutfall þess af heildarmismun allra sveitarfélaga. Áhrifin af breytinginni eru að fleiri sveitarfélög fá framlög og meiri jöfnun næst fram.

Nefndinni leist vel á þessa breytingu og var sammála um að hún stuðlaði að frekari jöfnun. Birgir Björn Sigurjónsson sat hjá við afgreiðslu tillögunnar.

6. Umboðsmaður barna

Umsókn um framlag vegna barnaþings 2021

Lagt var fram til umfjöllunar og afgreiðslu erindi frá umboðsmanni barna, dags. 24. september 2021, um styrktarbeiðni vegna barnaþings.

Barnaþing umboðsmanns verður haldið í Hörpu í nóvember í annað sinn og hefur umboðsmaður boðið 350 börnum um allt land að taka þátt. Börnin eru valin með slembivali úr Þjóðskrá. Gert er ráð fyrir að 58 börn þurfi ferðastyrk af einhverju tagi. Umboðsmaður barna óskar eftir að fá styrk frá Jöfnunarsjóð sveitarfélaga til að mæta ferðakostnaði að fjárhæð 905.000 krónur.

Eftir umræðu nefndarinnar var ákveðið að hafna erindinu á þeim grundvelli að verkefnið falli ekki undir 12. gr. reglugerðar nr. 1088/2018 um framlög til sérstakra verkefna.

7. Útgjaldajöfnunarframlög 2021

Hækkun framlaga

Lagt var fram minnisblað starfsmanns Jöfnunarsjóðs, dags. 5. október 2021, ásamt tillögu að úthlutun framlagsins. Ráðgjafarnefnd samþykkti á fundi sínum 22. september 2021 áætluð útgjaldajöfnunarframlög til sveitarfélaga árið 2021, sbr. 14. gr. reglugerðar nr. 1088/2018, samtals að fjárhæð 10.000 m.kr. Gerð er tillaga að hækka áætluð útgjaldajöfnunarframlög um samtals 1.000 m.kr. Áætluð útgjaldajöfnunmarframlög verða þá að fjárhæð 11.000 m.kr. á árinu 2021.

Að umfjöllun lokinni samþykkti nefndin að hækka áætluð útgjaldajöfnunarframlög um samtals 1.000 m.kr. og leggja til við ráðherra áætluð útgjaldajöfnunarframlög fyrir árið 2021 að fjárhæð 11.000 m.kr.

Yfirlýsing um grunnskólans

8. Viljayfirlýsing um úttekt á yfirlýsingu grunnskólans

Lagt var fram til umræðu minnisblað frá Sambandi íslenskra sveitarfélaga, dags. 29. september 2021, varðandi úttekt á þróun grunnskólans þann aldarfjórðung sem liðin er frá yfirlýsingu grunnskólans frá ríki til sveitarfélaga.

Að lokinni umfjöllun bókaði ráðgjafarnefnd að verkefnið væri áhugavert og ákvörðun um kostnaðarþátttöku yrði tekin fyrir síðar þegar umsókn berst.

Yfirlýsing um málefna fatlaðs fólks

9. Erindi frá Grábókarnefnd

Lögð var fram til til afgreiðslu umsókn frá samráðsnefnd ríkis og sveitarfélaga um skýra verk- og ábyrgðarskiptingu í opinberri þjónustu, dags. 4. október 2021, ásamt þar að lútandi minnisblaði.

Nefndin hefur frá árslokum 2020 fjallað um stöðu fullorðinna einstaklinga með alvarlegar hegðunarraskanir vegna ákomins heilaskaða af völdum sjúkdóms eða slyss. Umfjöllun nefndarinnar hefur til þessa falist í að afla gagna og bendir umfjöllunin eindregið til þess að breyta þurfi inntaki og fyrirkomulagi opinberrar starfsemi svo þessi notendahópur fái þá þjónustu sem hann er í þörf fyrir.

Næsta skref í vinnu við tillögugerð samráðsnefndar er að fram fari sjálfstæð greining á stærð þess hóps sem um ræðir og mat á samsetningu þeirra ólíku stuðningsþarfa sem nýjum úrræðum er ætlað að mæta. Sótt er um 2 m.kr. til að standa straum af kostnaði við sérfræðivinnu til að vinna að áður nefndri greiningu.

Að lokinni umfjöllun var umsóknin samþykkt að fjárhæð allt að 2 m.kr.

10. Fasteignasjóður sveitarfélaga

Norðurþing

Lögð var fram til umfjöllunar og afgreiðslu umsókn frá Norðurþingi, dags. 29. september 2021, ásamt fylgiskjölum og minnisblaði starfsmanns Jöfnunarsjóðs.

Sótt er um framlag vegna framkvæmda til úrbóta á aðgengi fatlaðs fólks við Húsavíkurkirkju annars vegar og Bjarnahús-safnaðarheimili hins vegar. Kirkjan og Bjarnahús voru teiknuð af Rögnvaldi Ólafssyni arkitekt, byggð 1907 og njóta friðunar skv. lögum. Framkvæmdir þurfa því að vera í fullu samráði og samþykki við Minjastofnun. Framkvæmd við Bjarnahús-safnaðarheimili er lokið og var samtals bókfærður kostnaður 12,6 m.kr. Framkvæmdir við Húsavíkurkirkju hefjast á árinu 2022 og er áætlaður kostnaður 26,5 m.kr.

Skv. 3. gr. reglugerðar nr. 280/2021 um starfsemi Fasteignasjóðs Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga er Fasteignasjóði heimilt á árunum 2021 og 2022 að úthluta framlögum sem nema 50% af heildarkostnaði tiltekinna framkvæmda sem lúta að úrbótum á aðgengi fatlaðs fólks. Samkvæmt viðauka við vinnureglur um úthlutun framlaganna getur greiðsla til Norðurþings úr Fasteignasjóði vegna 3. greinarinnar mest orðið 10.869.837 kr. á tímabilinu.

Að umfjöllun lokinni ákvað nefndin að fela starfsmanni Jöfnunarsjóðs að ganga úr skugga um öll sveitarfélög þjónustusvæðisins standi að umsókninni, en ekki eingöngu Norðurþing.

Mosfellsbær

Lögð var fram til umfjöllunar og afgreiðslu umsókn frá Mosfellsbæ, dags. 30. september 2021, ásamt fylgiskjölum og minnisblaði starfsmanns Jöfnunarsjóðs.

Sótt er um framlag vegna framkvæmda til úrbóta á aðgengi fatlaðs fólks við Hlégarð, Helgafellsskóla, biðstöð almenningssamgangna, Hulduhlíð, Krókabyggð og lóð grunnskóla. Áætlaður kostnaður vegna þessara framkvæmda er 37,6 m.kr.

Skv. 3. gr. reglugerðar nr. 280/2021 um starfsemi Fasteignasjóðs Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga er Fasteignasjóði heimilt á árunum 2021 og 2022 að úthluta framlögum sem nema 50% af heildarkostnaði tiltekinna framkvæmda sem lúta að úrbótum á aðgengi fatlaðs fólks. Samkvæmt viðauka við vinnureglur um úthlutun framlaganna getur greiðsla til Mosfellsbæjar úr Fasteignasjóði vegna 3. greinarinnar mest orðið 18.047.095 kr. á tímabilinu.

Að umfjöllun lokinni samþykkti nefndin umsóknina að fjárhæð allt að 18 m.kr.

11. Ársfundur Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga

Farið var yfir dagskrá ársfundar Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga sem haldin verður á Hilton Reykjavík Nordica seinna sama dag kl. 16:00.

12. Næsti fundur

Ákveðið var að næsti fundur nefndarinnar verði 5. nóvember kl. 11:30.

Fleira var ekki tekið fyrir og fundi slitið kl. 12:00.

Guðný Sverrisdóttir

Ásta Stefánsdóttir

Birgir Björn Sigurjónsson

Daníel Jakobsson

Karen E. Halldórsdóttir

Margrét Þórarinsdóttir

Stefán Vagn Stefánsson